

Herúlfar ok uppruni Íslendinga

SKEMMTILEG umræða hefur að undanförunu farið fram á síðum Morgunblaðsins um uppruna Íslendinga. Eg fæ ekki staðist freistinguna að taka þátt í umræðu um svo mikilvægt viðfangsefni. Kveikjan að þessari grein minni er raunverulega grein eftir Ólaf Sigurgeirsson sem birtist í blaðinu 14. janúar síðastliðinn. Þar fjallar Ólafur af þekkingu um kenningar Barða Guðmundssonar um uppruna Íslendinga, en Barði taldi miklar líkur benda til að Herúlar væru að stórum hluta forfeður okkar.

Merking orðsins Herúli

Í grikkneskum ok rómverskum bókum, sem eg hef séð, eru Herúlar ýmist nefndir Eruli, Aeruli eða Heruli. Að minni hyggju er upphaflega form orðsins 'Her-úlfar' ok mun eg færa nokkur rök fyrir þeirri skoðun.

Það er alsíða hérlandis að þeir sem skírðir eru nöfnunum Úlfar ok Úlfur bera jafnframt gælunafnið 'Úlli'. Nafnið 'Ullur' er sjálfsagt af sama uppruna. Nafnið Her-úlfur varð því á gælunafns formi Her- úlli sem auðsjáanlega er sama nafn ok Herúli / Eruli.

Barði Guðmundsson taldi líklegt að Göngu-Hrólfur hefði verið Herúlfa konungur ok hugum því að nafninu Hrólfur. Þetta nafn er styttr form á Her-ólfur, sem auðsjáanlega er sama nafn ok Her-úlfur. Göngu- Hrólfur bar því sama nafn ok þjóðin Herúlfar. Barði var því líklega á réttri braut þegar hann tengdi þetta tvennt saman. Eg tel samt ólíklegt að Herúlfar dragi nafn af Göngu- Hrólfri eða forföður hans. Líklegra þykir mér að Norræn hersveit í þjónustu Rómverja hafi tekið upp þetta nafn ok hafi þá hugsanlega borið skjaldarmerki ok klæðnað sem tengdist nafninu. Hersveitin hafi síðan haldið hópinn ok myndað ættbálk.

En látum ekki staðar numið varðandi nafnið Herúli. Svo sem kunnugt er, lagði Göngu-Hrólfur undir sig lönd á Franklandi, þar sem heitir Normandi (Norð-manna-endi). Vilhjálmur bastarður, sem gerði innrás í England 1066, var afkomandi Hrólfis, en Norðmannarnir höfðu þá illu heilli glatað tungu feðra sinna. Beinum nú sjónum að franknesku nafni Hrólfis, sem var Rollo. Augljóst má telja að Rollo er stytting á Hrollo eða Herollo, svo einungis sé stigið stutt skref til baka. Þá höfum við nánast sama form í Her-ollo ok við sjáum í gælunafninu Her-úlli. Þarf frekari vitnanna við um uppruna nafnsins Herúli?

Sagnir af Herúlfum

Bækur sagnfræðingsins Prókópúsar eru ein helsta heimild um Herúlfa við Miðjarðarhaf. Því er ekki úr vegi að líta nokkuð til skrifna hans. Einungis er um fáein sýnishorn að ræða ok ekki í tímaröð:

... Síðan fóru þeir (hluti þjóðar Herúlfa) framhjá Dönum, án þess að verða fyrir ofbeldi af höndum þeirra sem þar búa. Er þeir komu til sjávar, héldu þeir yfir hafið ok sigldu til Aðaleyjar (Thule) ok staðfestust á eyjunni. Aðaley er firnastór, því að hún er meira en tífalt stærra en Bretlandseyjar ok liggur langt til norðurs frá þeim. Þessi eyja er að mestu leyti hrjóstur, en á þeim hluta sem er byggilegur eru þrettán fjölmennar þjóðir búsettar. Konungur er yfir hverri þjóð ...

... Ok þeir (íbúar Aðaleyjar) eru óþreytandi við að færa alskonar fórnir ok blóta einnig til látinna ættingja, en að þeirra mati er fyrsti stríðsfangi hveurrar orustu göfugasta fórnin. Honum er fórnað til heiðurs Aresi (les: Ýmir-Ázi = Marz) sem þeir telja mestan guða ... ok ein fjölmennasta þjóð landsins nefnist Gautar ok það var við hlið þeirra sem aðkomnu Herúlfarnir tóku sér búsetu ... Af heiðingjunum sem byggja Aðaley er aðeins ein þjóð sem lifir líkt ok dýr merkurinnar, þeir nefnast Skriðfinnar. Fatnaður þeirra er ekki úr ofnu klæði ok þeir ganga um skólausir. Ekki drekka þeir vín, né framleiða neitt ætilegt af jurtum ...

... Því að Herúlfar bera hvorki hjálm né brynju eða aðrar verjur, nema skjöld ok þykka skikkju sem þeir reyra um sig áður en til orustu kemur. Ok reyndar halda þrælur Herúlfa til orustu án þess að hafa einusinni skjöld. Ef þrælarnir reynast hugdjarfir í fyrstu bardögum, er þeim framvegis leyft að bera skildi sér til hlífðar. Slíkir eru hættir Herúlfa ...

... Þeir (Rómverjar) tóku einnig með sér (frá Ítalíu) bandamenn sína, fimmtán hundruð Herúlfa, sem stjórnað var af Fjölmóði ásamt öðrum leiðtogum. Að þessum frátöldum var öll Herúlfa þjóðin, þrjú þúsund manns, á bandi Gepaedes (þýðir hugsanlega 'jarðarbörn = Ge-paedios') ...

... En er tímar liðu, urðu þeir (Herúlfar) öllum nálægum þjóðum öflugri, bæði að herstyrk ok mannfjölda. Þetta leiddi eðlilega til þess að þeir sýndu nágrönnum sínum mikinn yfirgang ok fóru ránshendi um byggðir þeirra. Að lokum tókst þeim að undiroka nokkrar nálægar þjóðir, þeirra á meðal Langbarða sem voru kristin þjóð, að því marki að þær voru gerðar skattskyldar Herúlfum ...

... Herúlfarnir sýndu nú sitt villimannlega ok ofsafengna eðli, gagnvart sínum eigin konungi sem nefndist Óskar. Fyrirvaralaust drápu þeir hann, án nokkurrar annarrar ástæðu en að þeir óskuðu að vera framvegis konungslausir. Hafa ber í huga, að þó að konungur þeirra hefði konungs nafnbót, hafði hann í framkvæmd nákvæmlega engin forréttindi fram yfir aðra þegna. Allir nutu þess réttar að sitja að snæðingi með honum ok atyrða hann ef þeim svo sýndist, því að engir menn í veröldinni eru síður bundnir siðvenjum eða agalausari en Herúlfar ...

... Þegar illvirkið hafði verið framið, urðu þeir straks fullir iðrunar. Þeir áttuðu sig á að án foringja ok herstjórnanda gátu þeir ekki verið. Þess vegna, eftir ítarlegar umræður, varð niðurstaða þeirra sú að best væri að kalla til konungdóms einn úr konungsfjölskyldu þeirra frá Aðaley ... ok þegar sendimenn þessir komu til eyjarinnar, fundu þeir marga af konungsettinni en völdu þann sem þeim sýndist hæfastur ok héldu síðan til heimferðar. En þessi maður veiktist ok dó er komið var á danska grund. Sendimennirnir fóru því aftur yfir til Aðaleyjar ok fengu annan ríkisarfa til farar ok hét sá Daði. Með í för var einnig bróðir hans Hörður ok tvö hundruð drengir af þjóð Herúlfa ...

Eins ok greinilega kemur fram af frásögn Prókópusar, voru heimkynni Herúlfa norðan Danmerkur ok ekkert land getur komið þar til greina annað en Skandinavía. Að minni hyggju var þetta landsvæðið á milli Raumelfar (les: Straumelfar) ok Gautelfar. Heimskringla nefnir þetta svæði Álfheima ok Svíar nefna Alvheim, en upphaflegt heiti hefur verið Úlfheimar. Síðar fékk þetta svæði nafnið Ranríki (les: Grannríki).

Höfundur er verkfræðingur og fornfræðingur.

Loftur Altice Þorsteinsson